

AUGLÝSING

1

2. jan.

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. jan. 1930.

1. gr.

2. mgr. 19. gr. orðist svo:

Unglingum innan 16 ára er óheimill aðgangur að almennum knattborðsstofum, dansstöðum og öldrykkjustofum. Þeim er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, ís-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 20.00, nema í fylgd með full-orðnum, sem ber ábyrgð á þeim. Öll afgreiðsla um söluop til barna eftir útivistar-tíma þeirra er lokið, er óheimil. Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að unglingar fái þar ekki aðgang né hafist þar við fram yfir það, sem leyfilegt er. Ákvæði þessi eru þó ekki því til fyrirstöðu, að unglingar megi hafa afnot af strætisvagnaskýlum.

Breyting þess staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dómsmálaráðuneytið, 2. janúar 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Gústav A. Jónasson.

SAMÞYKKT

2

5. jan.

um forkaupsrétt Neskaupstaðar að fasteignum í Neskaupstað.

Neskaupstað er áskilinn forkaupsréttur að eftirtöldum fasteignum í kaupstaðnum:

Egilsbraut	6	Skúr austan við húsið, eigandi Þorlákur Gíslason.
—	12	Pakkhús, eigandi Aðalsteinn Halldórsson.
—	14	Sjöhús, eigandi Guðrún Eiríksdóttir.
—	16	Sjöhús, eigandi Guðrún Eiríksdóttir.
—	18	Hjallur, eigendur Pálmar Magnússon og Jóhanna og Sigrún Magnúsdætur.
—	24	Pakkhús, eigandi Björn Björnsson.
Eyrargata	6	Pakkhús, eigandi Þórshamar h.f.
Hafnarbraut	15	Sjöhús, eigandi Guðröður Jónsson.
—	23	Pakkhús, eigandi Karl Karlsson.
—	25	Pakkhús, eigandi Karl Karlsson.
—	26	Pakkhús, eigandi Jón Benjamínsson.
—	27	Sjöhús, eigandi Sveinn Magnússon.
—	29	Skúr, eigandi Karl Karlsson.
—	31	Pakkhús, eigandi Jóhann Eyjólfsson.
—	33	Skúr, eigandi Jón Þórðarson.
—	35	Sjöhús, eigandi Ársæll Júlíusson.
—	39	Sjöhús, eigandi Hafbjörg h.f.
—	45	Krakaskúr, eigandi Eiríkur Ásmundsson.

B 1